

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Úlfarsárdalur, kirkjugarður.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 23. júní 2016, deiliskipulag fyrir nýjan kirkjugarð í Úlfarsfelli. Deiliskipulagssvæðið er undir vesturhlíð Úlfarsfells og liggur norðanvert að sveitarfélagsmörkum Mosfellsbæjar. Heildarstærð svæðisins er um 22,5 hektarar og verður aðkoma að garði úr suðri. Hringvegur mun liggja um garðinn og stígakerfi garðsins mun verða tengt útivistarstígum í Úlfarsfelli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Suðurlandsbraut 58-64, 66, 68-70, 72, 74 og 76.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júlí 2016, heildarendurskoðun deiliskipulags lóðanna Suðurlandsbraut 58-64, 66, 68-70, 72, 74 og 76. Tillagan felst í meginatriðum í því að sameinaðar eru þrjár deiliskipulagsáætlanir og mótuð samfelld húsaröð, ein til fimm hæðir, meðfram Suðurlandsbraut. Á lóðunum nr. 58-64 og 66 eru heimildir óbreyttar a.ö.l. en því að heimiluð er viðbygging við jarðhæð hússins nr. 66 og gerð tengibyggingar milli lóðanna 66 og 68-70. Lóðirnar Suðurlandsbraut 68 og 70 eru sameinaðar, stækkaðar og byggingarmagn aukið. Lóðunum Suðurlandsbraut 72-76 er breytt úr þremur í tvær, þær stækkaðar litillega og byggingarmagni breytt í samræmi við það. Lega stíga er endurskoðuð og bætt við heimild til að gera hljóðmön og/eða vegg meðfram Miklubraut til að tryggja hljóðvist á lóðunum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 25. ágúst 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2016